

KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla • 5. árgangur • 4. tölublað • desember 2009

Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús



Ingó í Veðurguðunum í heimsókn

Ingó í Veðurguðunum heimsótti nemendur í 4.-5. bekk miðvikudaginn 25. nóvember í boði Foreldrafélaga og foreldraráða grunnskólanna í Reykjanesbæ, FFGÍR Ingó ræddi við nemendur um afleiðingar eineltis og afhenti nemendum 5. bekkjar bækling frá Heimili og skóla sem þeir hafa nýverið gefið út. Ingó tók líka lagið „Gestalistinn“ fyrir nemendur og tóku þeir vel undir. Allir fengu svo eiginhandaráritanir frá Ingó.



**Síðasti kennsludagur fyrir jól er 18. desember.
Kennsla hefst að nýju samkvæmt stundaskrá
þriðjudaginn 5. janúar 2010.**

Frístundaskólinn er opinn til kl. 16 þann 18. desember.

Jólasaga

Það var kaldur vetrarmorgunn, þetta var dagurinn sem allir höfðu beðið eftir. Í dag opnum við gjafirnar. Ég sparkaði af mér sænginni og fór í fötin mín sem biðu mín á rúmstokknum.

Jólatréð stóð frammi í allri sinni dýrð. Við höfðum eytt miklum tíma í að skreyta það. Á því hengu heimatilbúnaðar jólakúlur og jólasakraut. Greinitréð hafði aldrei verið svona stórt áður. Ég mundi ekki hvað ég hafði staðið þarna lengi, glápanði á fallega tréið okkar þegar Alexander kom hlaupandi til mín – Inna, gjafirnar eru komnar!

Gjöfin mín var skreytt fallegum, gylltum gjafapappír. Ég beið uns allir höfðu fengið gjafirnar sínar. Þegar við fengum leyfi til þess að opna þær, opnuðu þær allir, nema ég. Ég vildi opna hana í einrúmi.

Um kvöldið skreið ég upp í rúm með gjöfina mína. Í henni var falleg dúkka með hrafnsvart hár bundið í þykkan fléttur, tveir litríkir skopparaboltar, hárbusti og meira að segja tannbursti, tannkrem og sápa!

Ég kleip mig laust í handlegginn til þess að vera viss um að mig væri ekki að dreyma en svo var ekki. Ég lagðist þakklát á koddann, lokaði augunum og brosti með sjálfri mér.

Forstöðukonan slökkti öll ljós, börnin þískruðu eitthvað sín á milli, ánægð með gjafirnar. Öll börnin á barnaheimilinu í Úkraínu sváfu vel þessa nótt.

Sara Líf Guðbjörnsdóttir
10. bekk





Grænfánaverkefni í Akurskóla

Í haust ákvað Akurskóli að taka þátt í Grænfánaverkefninu eins og svo margir grunn- og leikskólar á landinu hafa verið að gera undanfarin ár. Til þess að ná því markmiði að fá fánann þarf skólinn að stíga skrefin sjö, sem eru:

- stofna umhverfisnefnd skólans
- meta stöðu umhverfismála í skólanum
- gera áætlun um aðgerðir og markmið til umhverfisbóta í skólanum
- sinna stöðugu eftirliti og endurmati á umhverfismálum í skólanum
- fræða nemendur um umhverfismál
- kynna stefnu sína út á við og fá aðra með
- setja skólanum formlega umhverfisstefnu

Skólinn getur tekið sér þann tíma sem hann þarf til að ná þessum markmiðum og ætlum við að gefa okkur góðan tíma til þess og vanda okkur. Nú þegar er búið að stofna vísi að umhverfisnefnd en ennþá vantar í hana fulltrúa frá nemendum og foreldrum. Nefndin hefur aðeins verið að meta stöðu umhverfismála í skólanum með sérstökum gátlista frá Landvernd og gaman er að segja frá því að það er heilmargt sem er í góðu lagi í skólanum okkar.

Útikennsla í Kópu

Í haust hafa nemendur í Akurskóla unnið að hugmyndum að uppbyggingu útikennslusvæðis í Kópu. Sýning á hugmyndum nemenda var á sal skólans á námsmatsdeginum 23. nóvember sl. Þar sýndu börn úr leikskólunum Akri og Holti einnig hugmyndavinnu sína. Þar mátti sjá margar frjóar og góðar hugmyndir t.d. skjólhýsi, flotbryggju, matjurtagarða, vísindahorn og margt, margt fleira. Framundan er að nemendur fái að þróa hugmyndir sína á því sviði



sem þau sjálf hafa áhuga á. Eftir áramót munum við, Akur og Holt í samstarfi við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar ákveða hvað verður á svæðinu og hvernig við munum vinna að uppbyggingu þess. Framundan eru spennandi og skemmtileg verkefni og vonumst við til að sem flestir foreldrar vilji taka þátt í verkefninu með okkur eftir áramót og í vor!

Útikennsla – námskeið hjá kennurum

Gunnar Börkur Jónasson og Hlín Helga Pálsdóttir, kennarar við Háteigsskóla í Reykjavík, hafa haldið námskeið nú í haust um leiðir í útikennslu fyrir kennara Akurskóla. Þau eru vægast sagt hrifin af umhverfinu sem við í Akurskóla höfum aðgang að. Við erum í göngufæri frá hafinu, tjörnum, mómum, hæðum, hólum, opnum svæðum, byggðasafni, kirkju, víkingaheimum og margt fleira. Tilvalið er að nýta þessi svæði í kennslunni til að auðga námsupplifun, bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Í lok námskeiðsins munu kennarar Akurskóla skila inn verkefnum sem þau hafa þróað og geta nýtt í útikennslu. Viljum við þakka Gunnari Berki og Hlín Helgu fyrir fræðandi og hvetjandi námskeið.



Gunnar Börkur og Hlín Helga



Kirkjuferð og jólamatur

Hin árlega kirkjuferð nemenda í Njarðvíkurkirkju verður miðvikudaginn 16. desember. Sr. Baldur Rafn Sigurðsson tekur á móti hópnum og flytur stutta hugvekju. Að því loknu verða sungin nokkur jólalög. Í hádeginu sama dag verður boðið upp á jólamat í Akurskóla. Kennarar og starfsfólk skólans munu þjóna til borðs eins og undanfarin ár og hefur það mælst mjög vel til hjá nemendum. Foreldrafélagið býður öllum upp á drykkjарföng með matnum.



Dans

Í dansi hjá okkur í vetur hefur verið mikið glens og gaman. Nemendur hafa lært hina ýmsu dansa eins og grunnsporin í cha cha cha, vals, djæf og samba. Yngri nemendur læra einungis grunnsporin en þau eldri eru að læra snúninga og fleira. Í þemavikunni fengu nemendur að kynnst dansi frá ólíkum heimsálfum og má þar nefna stríðsdans frá Afríku, Flamingo frá Spáni og svo Línudans/Kúrekadans frá Bandaríkjunum. Í vikunni fyrir jólafrí munum við dansa jóladansa og hafa smá jólasprell.



Vinir Zippy

Annar og þriðji bekkur hefur verið að vinna með lífsleikninámsefnið *Vinir Zippy* þessa önn. Hugmyndafræði þess er að kenna ungum börnum að takast á við erfiðleika sem gætu komið upp á lífsleiðinni. Náms efnið er byggt á hugmyndum um fyrirbyggjandi aðgerðir eða forvarnir og byggir á sex afmörkuðum þáttum þar sem viðfangsefnið er tilfinningar, tjáning og boðskipti, vináttutengsl, að leysa ágreiningsmál, að takast á við breytingar og hvernig best sé að finna farsælar lausnir. Sérstök saga tengist hverjum námsþætti þar sem Zippy er aðalpersónan í sögunni en Zippy er sérstök gælufuga og vinir hans eru nokkrir strákar og stelpur. Sögurnar eru ríkulega myndskreyttar og verkefnið samanstanda af teikniverkefnum, hlutverkaleikjum og spilum. Náms efnið er gefið út af Lýðheilsustöð.



Dagur íslenskrar tungu – Brúum bilið

Fyrstu bekkir Akurskóla og elstu leikskólabörnin af Akri og Holti héldu daginn hátíðlegan með því að koma saman á sal Akurskóla og hlýða á Áslaugu Jónsdóttir, rithöfund, lesa úr bókum sínum og segja frá hvernig bækurnar urðu til. Vikuna áður höfðu kennarar lesið bókina Nei, sagði litla skrímslið fyrir krakkana og unnið verkefni henni tengdri.



Hættum þessu nú

Nemendur í 10. bekk hafa verið önnur kafnir í haust við að þýða og útsetja danskt baráttulag gegn einelti. Þau eru ennþá að vinna að myndbandi við lagið og verður það tilbúið von bráðar. Krakkarnir hafa fengið tíma í upptökuveri og verður lagið tekið upp og vonandi nýtt í baráttunni gegn einelti. Lagið fjallar um þá ábyrgð sem áhorfandi eineltis ber og hvað það getur skipt miklu máli að segja stopp og taka afstöðu.

HÆTTUM ÞESSU NÚ

*Hann lítur venjulega út, bráðum brotnar hann.
Felur sig á bakvið grímu.*

*Á hverjum degi strítt, þau kallað hann svín.
Það er auðvelt að hata hann.
Þau eru öll í hóp, það segir enginn STOPP !*

*Viðlag-
Við höfum öll eitt svar.
Við saman stígum frá.
Fyrir en við sláum eitt líf út,
hættum þessu nú.*

*Hún lítur í aðra átt, veit að hann þarf hjálp.
Hann þarfnast hennar hjálp að stoppa.
Þau vilja hana með, að brjóta hann niður.
Er hún vinkona eða hvað ?
Hún vill frekar frið, það er létt að vera með.*

*RAPP.
Svo einn dag steig strákur fram og sagði „ Stoppíði,
hættiði að sparka, af hverju eruð þið að slá?
Til hvers einelti, hvað gengur þetta útá ?
Þau gátu eiginlega séð þetta þegar hann setti þetta
svona upp.
Nú skilja þau að það er alltaf lélegt og aumingjalegt
að stríða.
Núna sjá allir hvernig lífi greyð drengurinn lifir
vegna þess, vegna þess, vegna þess það var einn sem
tók ábyrgð (fattið það)*

*Við þurfum þig
til að hjálpa til.
Stattu upp og taktu ábyrgð.*



Reykir 2009

Loksins rann 30. nóvember upp eftir mikla eftirvæntingu undanfarnar vikur.

Gullmolarnir voru mættir stundvíslega við skólann um morguninn og haldið var af stað í ferðina miklu klukkan átta. Nemendurnir voru flestir frekar rólegir í rútunni, spjölluðu eða dottuðu í sætunum, en margir réðu sér ekki fyrir kæti og voru með yndislegt sólskinsbros alla leiðina þar sem leið lá yfir Holtavörðuheidi í Hrótafjörð að Reykjum. Veðrið var fínt þegar við komum en nemendur voru þó ekki með hugann við það heldur við að koma föggum sínum fyrir í herbergi sínu. Sumir létu sér nægja að vera með eina tösku á meðan aðrir rétt komu farangri sínum fyrir í „nokkrum“ ferðatöskum:-)

Vera okkar þarna gekk í heild sinni mjög vel. Þarna vorum við í fimm daga ásamt nemendum 7. bekkjar í Salaskóla. Þar eignuðust

margir nýja félagar og höfðu ekki undan við að skrifa niður msn og facebooksíður hjá hvert öðru. Hver dagur var skipulagður þannig að hann skiptist niður í kennslu, frjálsan tíma og kvöldvökur. Nemendur lærðu á byggðasafninu, fóru í fjöru og unnu með hluti sem þeir fundu þar. Einnig kynntust þau aðeins fjármálum og stunduðu íþróttir af kappi. Tólmstundir notuðu þau í leiki og spil ásamt því að spjalla saman.

Nemendur voru frábærir í alla staði og voru sjálfum sér og skólanum til sóma. Ég tel að nemendurnir eigi án efa eftir að búa lengi að þessari ferð. Krakkarnir voru flott saman og mikið hópefli fór fram. Ég vil nota tækifærið og þakka nemendunum fyrir þessa frábæru ferð. Það eru forréttindi að fá að kynnast ykkur einnig við þessar aðstæður og sjálf mun ég án efa búa lengi að þessari ferð.

*Kærleikskveðja,
Sólveig Silfá*



Lið Akurskóla í Skólahreysti 2010

Sara Stefánsdóttir, Daníel Hilmarsson, Aron Yngvi Nielsen og Ólöf Stefánsdóttir. Á myndina vantar Sigfús Kristján Pálsson og Anítu Rut Adamsdóttur.

Ferð á listasafn Reykjanesbæjar

Nemendur í Myndlist-Val úr 9. og 10. bekk fóru á listasafn Reykjanesbæjar 1. desember. Guðlaug tók á móti okkur og fræddi okkur um sýninguna *Innistæðu* sem er safn íslenskra listaverka í eigu Landsbankans. Sýningin veitti okkur smá innsýn í listasögu Íslands og þróun hennar síðastliðin hundrað ár. Nemendur tóku virkan þátt í umræðum um listaverkin, sýndu áhuga og komu einstaklega vel fram. Nemendur vinna nú að sameiginlegu listaverki sem mun prýða vegg skólans innan skamms.



Lego hönnunarkeppnin

var haldin í fimmta sinn á Íslandi í íþróttahúsi Keilis á Ásbrú laugardaginn 7. nóvember.

First Lego League eða FLL er afrakstur samstarfs milli FIRST og LEGO® Group. Keppnin var stofnuð árið 1998 en tilgangur hennar er að blása ungu fólki í brjóst löngun til að skara fram úr á sviði tækni og vísinda. Með þátttöku er ungu fólki boðið að taka þátt í spennandi verkefnum sem skapa færni í vísindum, verkfræði og tækni, örva nýsköpun og byggja upp lífsleiknihæfileika eins og sjálfstraust, samskiptahæfni og forystuhæfileika. Hingað til hefur FLL tekist að ná til meira en 100.000 barna í 45 löndum víða um heim.

Segja má að þátttaka á Íslandi hafi verið fremur dræm í ár því um tuttugu lið hafa tekið þátt í keppninni á undanförunum árum en einungis tíu lið tóku þátt í keppninni að þessu sinni. Fjögur lið komu frá grunnskólum Reykjanesbæjar, fimm lið komu frá grunnskólum á Austfjörðum og eitt lið úr Salaskóla í Kópavogi. Ljóst er að margir áttu um langan veg að fara en Háaleitisskóli bauð Austfirðingum gistingu í skólanum og voru þeir afar þakklátir fyrir móttökurnar.

Keppnin í ár var helguð snjöllum samgöngum „smart move.“ Þátttakendur þurftu að hanna og forrita vélmenni sem leysti þrautir og komst yfir ýmsar hindranir á þrautabraut. Undirbúningur fyrir keppnina tók um sex vikur og á þeim tíma þurftu þátttakendur að skrá dagbók, lýsa nákvæmlega vinnuferlinu og hvernig þeir náðu að mynda liðsheild. Þeir þurftu einnig að leggjast í rannsóknarvinnu og finna lausnir á samgöngumálum í samfélaginu. Rúsinan í pylsuendanum var síðan skemmtiatriði og mátti sjá að þátttakendur lögðu ekki síður mikla vinnu í þann þátt og heilluðu áhorfendur með frumsömdum atriðum og flottri sviðsframkomu.

Lið Salaskóla í Kópavogi, Róbóbóbó, vann titilinn Lego meistara 2009 og heldur það til Tyrklands í vor og tekur þátt í Evrópukeppni First Lego league 2009. Keppt var í sex flokkum og fékk lið Myllubakkaskóla, Myllurnar, 1. verðlaun í flokki skemmtiatriða. Lið Akurskóla, Error, hlaut ekki verðlaun að þessu sinni en liðið fékk tilnefningu fyrir bestu liðsheildina.



Hrafnhildur Gunnarsdóttir skólaritari Akurskóla.

Ég heiti Hrafnhildur Gunnarsdóttir og er skólaritari við Akurskóla. Eins og flestir vita þá er ég kölluð Habbý.

Ég er í sambúð og á eina þriggja ára skvísu. Áhugamál mín er fjölskyldan, hestamennska og að ferðast. Ég flutti til Keflavíkur þegar ég var 15 ára og lauk grunnskólagöngu minni úr Heiðarskóla, var þar í fyrsta útskriftarhópnum sem Heiðarskóli útskrifaði. Fór síðan í FS og útskrifaðist þaðan af félagsfræði- og viðskiptabraut vorið 2004.

Ég var svo heppin að fá vinnu sem skólaritari við Akurskóla haustið 2007 enda er starfsfólk Akurskóla alveg yndislegt og mjög skemmtilegt. Starf mitt felst í því að taka við skilaboðum, hjálpa nemendum og ýmislegt fleira. Í skólanum hef ég lært margt enda með fullt af verkefnum og fjölgar þeim með hverjum deginum þar sem nemendum Akurskóla fjölgar ört.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla :)

Habbý

KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla

Ritstjóri: Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir
Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson
www.akurskoli.is

Skreyting á jóla- tré við Hafnargötuna

Sú hefð hefur skapast að hver grunnskóli í bænum skreytir eitt jólatré á Hafnargötunni fyrir jólin. Í Akurskóla sjá nemendur í öðrum árgangi um að búa til skraut á jólatréð og fara svo í bæinn og hengja skrautið á tréð. Það var glaðvær hópur nemenda úr Kópum, Kiðlingum, Kálfum og Húnum sem hélt í bærarferð með kennurum þriðja dags desembermánaðar í blíðskaparveðri.



Skrautið var unnið úr endurunnu gleri en það var Karólína myndmenntarkennari sem aðstoðaði umsjónarkennara og nemendur við gerð þess. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Umhverfissvið Reykjanesbæjar sem bauð nemendum upp á heitt kakó og piparkökur í Skessuhellinum þegar búið var að skreyta öll jólatré. Þess má geta að tréð okkar er fyrir framan Sportbúð Óskars.



Litlu jólin

Litlu jólin verða haldin föstudaginn 18. desember og er skipulagið eins og hér segir:

- 1.-3. bekkir eru frá kl. 8.10-11.00
- 4.-7. bekkir eru frá kl. 11.00-13.00
- 8.-10. bekkir eru frá kl. 11.00-13.00

Nemendur í 7. bekk munu sjá um helgileik.

Starfsfólk Akurskóla óskar nemendum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.